



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

MYNL1LM05

Námsáætlun í áfanganum Litir og myndbyggingu

Kennari:	Anna Kristín Valdimarsdóttir, (akv), annakristin@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir undirstöðuatriði myndlistar. Öll verkefni eru máluð með þekjulitum og byggjast bæði á litafraði og myndbyggingu. Í litafraðinni gera nemendur litaprufur, farið er yfir atriði eins og blöndun frum- og annars stigs lita út í svart og hvítt, grátónaskalann, blöndun jarðlita og blöndun andstæðra lita út í jarðliti. Litaprufurnar eru settar upp í heildstæð verkefni þar sem nemendur byrja að spreyta sig á lögmálum myndbyggingar. Nemendur skulu halda til haga öllum verkefnum, litaprufum, úrklippum og skissum. Allir afgangar af litaprufum eru nýttar í heildstæða klippimynd. Nemendur æfa myndbyggingu með uppsetningu litafraðiverkefna og halda síðan áfram með tvívíða, abstrakt myndbyggingu út frá litafraðinni, ásamt fjarvídd með landslagsmyndbyggingu með raunsæjum eða súrealískum hætti.

Lokaverkefni áfangans er ígildi prófs. Nemendur skulu hagnýta sér þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað í áfanganum til að vinna heildstætt verkefni á sjálfstæðan hátt undir handleiðslu kennara. Fram eiga að koma allir þættir myndmyndbyggingar og litasamsetningar.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Litafraði myndlistar svo sem frumlitum, samsettum litum, andstæðum litum, jarðlitum, köldum og heitum litum ásamt innsýn í prentliti og RGB litablöndun.
- Áhrifum lita eftir því með hvaða litum þeir standa.
- Að stefna línu og uppbygging og röðun forma sem og tegund forma skapa ákveðna tilfinningu í myndverkum s.s. jafnvægi, ró, óróa, stöðugleika eða festu.
- Myndbyggingu með tvívíðum formum, ýmist reglubundnu munstri eða abstrakt óreiðu.
- Raunsæi í fjarviddarlandslagi.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Blanda liti út frá frumlitum og samsettum litum í jarðliti með svörtum og andstæðulit og pastelliti með hvítum.
- Blanda liti í kalda liti og heita liti og nota grátónaskalann.

- Geta unnið ólíkar myndir, bæði abstrakt og raunsætt, út frá fyrirfram gefnum litum, blöndun þeirra og myndbyggingu sem gefa til kynna ákveðin hugtök og kalla fram ákveðnar tilfinningar eins og óróa, hreyfingu og spennu á móti jafnvægi festu og stöðugleika.
- Ná fram myndbyggingu og litablöndun með áherslu á tvívíð form.
- Ná fram myndbyggingu og litablöndun með áherslu á fjarvidd í landslagi.
- Vinna með frumform, lífræn form, manna- og skepnuform í reglufastri myndbyggingu eins og í spegilmyndum og andhverfum formum svo og alls konar óreglulegri myndbyggingu.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Ná fram hvaða lit sem er með aðeins frumlitunum, svörtum og hvítum.
- Færa mismunandi form upp í myndbyggingu sem sýnir ljóðræna og dramatíska skálínu.
- Fá ró og stöðugleika fram í myndbyggingu með láréttum og lóðréttum línum svo og óróa og hreyfingu með hringmynbyggingu og skálínum.
- Ná fram þeim andstæðum í litum sem þarf til að hver hlutur myndarinnar njóti sín.
- Ná fram raunsærri landslagsfjarvidd og birtuáhrifum með litablöndun.
- Vinna með andhverf form og spegilmyndir.
- Geta unnið, meðvitað, hvort heldur raunsætt eða abstrakt.
- Ná fram ákveðinni tilfinningu í myndverki með því að beita línum, formum og litum á meðvitaðan hátt.
- Vinna með hvert þessara atriða og setja saman í eitt verk.

Námsefni:

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.
- Nemendur fá í hendur pappír og þekjulíti, teikniblýanta, strokleður og teiknipenna gegn greiðslu efnisgjalda.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1-4	5.-25. jan.	Litafræði	Verkefni 1-3

5 - 8	30. jan – 22. feb. Vetrarfrí	Litafræði Myndbygging	Verkefni 4-6
9 - 12	27. feb- 21.mars	Myndbygging	Verkefni 7-8
13 - 16	26. mars- 16. apríl Páskafri	Myndbygging	Verkefni 9-10
17 - 19	25. apríl – 7. maí	Litafræði og myndbygging Lokaverkefni þar sem nemendur nýta fyrri þekkingu, eins og litafræði. Einnig á allt sem búið er að læra í myndbyggingunni að koma fyrir í lokaverkefninu Til að standast kröfur áfangans þarf að skila <u>stöðnu lokaverkefni</u>	Verkefni 10

Sérreglur áfangans:

- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Ætlast er til að nemendur fylgist vel með námsáætlun og tilkynningum á Innu.
- Hver verkhluti hefur sitt vægi, þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, sjálfstæði, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.
- Skila þarf **öllum verkefnum áfangans** á INNU samkvæmt námsáætlun og verklýsingum innan settra tímamarka. **Mikilvægt er að skila vandaðri ljósmynd af verkefni.**
- Mikilvægt er að nemandi sé í góðu sambandi við kennara ef hann lendir í vandræðum með verkefnaskil.
- Skila þarf að 100% af verkefnum annarinnar og fullgerðu lokaverkefni sem stenst lágmarkskröfur til að eiga möguleika á að standast kröfur áfangans.
- Mikilvægt er að virða skilafrest verkefna. Ef nemandi skilar of seint dregst **0,5** af einkunn fyrir hvern dag umfram skilafrest ef ekki hefur verið samið um annað við kennara.
- **Að sjö dögum liðnum** umfram skilafrest er **ekki möguleiki að fá hærri einkunn en 5** fyrir verkefni.
- Gefin er einkunnin 0 fyrir verkefni sem ekki er skilað.
- Til að standast kröfur áfangans þarf að skila **stöðnu lokaverkefni** ásamt því að ná að lágmarki 5 í meðaleinkunn verkefna.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Litafræði	Sjálfstæði ásamt því að tileinka sér tilsögn. Gott vinnuframlag og að tileinka sér vinnuskipulag í litablöndun og uppsetningu verkefna. Nánar í einkunnarþáttum verkefna.	25%
Klippimynd	Sjálfstæði ásamt því að tileinka sér tilsögn. Myndefni sem sýnir frumleika, andstæður og að allt njóti sín í góðri heild í myndbyggingu. Nemandi geti	10%

	hagnýtt þá litafraeðipækkingu sem hann lærði og tengt hana við þætti myndbygging	
Myndbygging	Sjálfstæði ásamt því að tileinka sér tilsögn. Sýna frumleika í myndefni. Vinna með andstæður og viðhafa vandvirkni í útfærslu og myndbyggingu verkefna. Huga að heildinni.	40%
Lokaverkefni	Sjálfstæði og nýta sér allt sem var kennt í áfanganum. Frumleiki í myndefni, hugtök varðandi myndbyggingu, andstæður til að myndefni njóti sín og vandvirkni í vinnubrögðum. Huga að heildarsýn	25%
Samtals		100%

Verkefni, vægi, tímarammi, innlagnir og skil

1. Litir út í svart (5%)	Innlögn 9. janúar	Skil 15. janúar
2. Litir út í hvítt (5%)	Innlögn 16. janúar	Skil 22. janúar
3. Svartur, hvítur og grátónar (5%)	Innlögn 23. janúar	Skil 29. janúar
4. Jarðlitapríhyrningurinn (5%)	Innlögn 30. janúar	Skil 5. febrúar
5. Frumlitir út í andstæðuliti (5%)	Innlögn 6. febrúar	Skil 12. febrúar
6. Klippiverkefni (10%)	Innlögn 13. febrúar	Skil 26. febrúar
7. Spegilmynd og andhverf form (15%)	Innlögn 27. febrúar	Skil 11. mars
8. Margbrotið form (17%)	Innlögn 12. mars	Skil 3. apríl
9. Landslag (8%)	Innlögn 4. apríl	Skil 15. apríl
10. Lokaverkefni (25%)	Innlögn 16. apríl	Skil 8. maí

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 8. ágúst 2024